

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar, samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Laugarvatn, Bjarkarbraut 2, L224444, og 4, L224445, skilgreining byggingarheimilda.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Bjarkarbrautar 2, L224444, og Bjarkarbrautar 4, L224445, á Laugarvatni. Í breytingunni felst að lóðamörk breytast, skilgreining á byggingarreitum innan lóða ásamt byggingarheimildum. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að rífa núverandi hús innan lóðanna og byggja ný innan nýtingarhlutfalls 0,35 á allt að tveimur hæðum.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. apríl 2025.

Deiliskipulagsbreyting, Tungurimi 2, (áður Skólabraut 8), L221473, Reykholti, skipting lóðar og skilmálar.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Tungurima 2, L221473, (áður Skólabraut 8) í Reykholti. Lóðin er óbyggð og þar er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi. Hugmyndir eru um að nýta hluta lóðarinnar fyrir hleðslustöð og tilheyrandi mannvirki. Í breytingunni felst að lóðinni er skipt í tvær lóðir, Tungurima 2 og Tungurima 2A. Sett er inn gönguleið að veitingastað og verslun sem er í nágrenninu. Gerð er ný afreйн af Tungurima og afmarkaður byggingarreitur fyrir spennistöð.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. maí 2025.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 18. júní 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Vigfús Þór Hróbjartsson.

B deild - Útgáfudagur: 2. júlí 2025